

144 Gjaldskrá þess staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923
23. des. og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafmagnsstöðina í Vík, nr. 23 5. febr. 1951 og auglýsing um breytingu á þeirri gjaldskrá, nr. 7 25. jan. 1952.

Atvinnumálaráðuneytið, 23. desember 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

145

REGLUGERÐ

28. des.

um breyting á reglugerð nr. 230 22. des. 1952, um breyting á reglugerð nr. 107 5. ágúst 1949, um vöruhappdrætti Sambands íslenzkra berklasjúklinga.

1. gr.

Fyrri málsgrein 2. gr. orðist svo:

Verðmæti vinninga verður samanlagt kr. 5 500 000.00.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Verð ársmiða verður kr. 240.00.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1956.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1955.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzzson.

146

AUGLÝSING

27. des.

um niðurfelling aðflutningsgjalda af nokkrum yörutegundum.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 93/1955, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., hefur ríkisstjórnin ákveðið að á árinu 1956 skuli fella niður verðtoll af:

- Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
- Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.

Enn fremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður verðtoll og vörmagnstoll af kaffi, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár og sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1955.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzzson.